

Selfossi, 14. mars 2002

**91. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands,
haldinn miðvikudaginn 14. mars 2002, kl. 10:00
að Austurvegi 56, Selfossi.**

Mætt: Karl Björnsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, umhverfisfræðingur. Sesselja Jónsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. **Fundargerð stjórnar Kjötmjöls ehf. frá 1. mars sl.**
Lögð fram til kynningar.
2. **Bréf frá Hollustuvernd ríkisins, dags. 19. febrúar 2002, varðandi endurskoðun starfsleyfis.**
Samkvæmt bréfinu þykir ekki ástæða til endurskoðunar starfsleyfisins en sótt verður um nýtt starfsleyi fyrir 22. maí nk. á grundvelli gildandi reglna.
3. **Bréf Félagsmálaráðuneytisins, dags. 26. febrúar sl. varðandi stjórnsýslukæru frá Sveitarfélaginu Ölfusi.**
Samþykkt að fela Óskari Sigurðssyni, lögmanni að svara bréfinu í samráði við formann og framkvæmdastjóra.
4. **Greinargerð Sorpstöðvar Suðurlands vegna erindis Kristbjargar Eyvindsdóttur til Umhverfissráðuneytisins.**
Til kynningar.
5. **Málefni Plastmótunar hf. á Læk, Ölfusi – hugmyndir um hlutafjárkaup.**
Ósk hefur borist frá forráðamönnum Plastmótunar um að Sorpstöðin kaupi hlut í fyrirtækinu.
Eftirfarandi bókun var samþykkt:
“Stjórn telur starfsemi fyrirtækisins mjög áhugaverða, sérstaklega hvað endurvinnsluþáttinn varðar, en í ljósi ágreinings um heimild Sorpstöðvar Suðurlands til kaupa á hlutafé er ekki unnt að svo stöddu að mæla með hlutafjárkaupum”

6. Önnur mál.

- a. Guðmundur Tryggvi lagði fram yfirlit um kostnað sveitarfélaga á starfssvæði Sorpstöðvarinnar á árinu 1999 og 2000 vegna sorphirðu, endurvinnslu og eyðingar úrgangs.
Heildarkostnaður var um 100 milljónir árið 1999 og 120 milljónir króna árið 2000. Innheimt gjöld á móti kostnaði námu 57% fyrra árið en 53% það síðara.
Samþykkt að senda sveitarfélögunum yfirlitið til umsagnar.
- b. Guðmundur gerði grein fyrir upplýsingaskiltum um móttökustöðvar og flokkunarmöguleika sorpúrgangs á Suðurlandi sem fyrirhugað er að koma upp við bensínstöðvar.
Stjórn lýsir ánægju yfir hvernig til hefur tekist og samþykkir að skiltin verði sett upp fyrir páska.

Fundi slitið kl. 11:40

Karl Björnsson
Þorvarður Hjaltason

Ágúst Ingi Ólafsson

Guðmundur Tr. Ólafsson